

27. Tvo menn í *fulltrúaráð Almenningsvagna bs.* og tvo til vara skv. 8. gr. stofnsamnings frá 2. febrúar 1990.
28. Þrjú menn í *stjórn Tónlistarhúss Kópavogsbæjar* og þrjú til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar á stofnsamningi þann 3. júlí 1997.
29. Þrjú menn í *skólanefnd Menntaskólans í Kópavogi* og þrjú til vara skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.
- C. Í aðrar nefndir sem stofnaðar kunna að verða.

12. gr.

Í stað „Kópavogskaupstaðar“ í 1. og 4. mgr. 66. gr. samþykktarinnar kemur: Kópavogsbæjar.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Kópavogsbæjar samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. janúar 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Ólafsfirði.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðarbæjar sem virtar eru fasteignamati skal árlega greiða sorphirðugjald.

2. gr.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphirðugjalds á fasteignir þegar eigandi annast sjálfur alla hreinsun og förgun sorpsins, sem viðurkennd er af heilbrigðisnefnd.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 6.100 fyrir íbúðarhúsnæði.

Bæjarstjórn skal skipa fyrirtækjum í flokka m.a. eftir sorpmagni. Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

	kr.		kr.
1. flokkur	6.100	7. flokkur	85.400
2. flokkur	12.200	8. flokkur	122.000
3. flokkur	30.500	9. flokkur	164.700
4. flokkur	42.700	10. flokkur	250.100
5. flokkur	54.900	11. flokkur	335.500
6. flokkur	67.100		

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Ólafsfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 242/1997 vegna sorphirðu í Ólafsfirði.

Umhverfisráðuneytinu, 19. janúar 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 26. janúar 1998 staðfest sameiningu Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum þremur sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 23. maí 1998, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal ellefu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Sveitarstjórnirnar þrjár tilnefna hver um sig einn fulltrúa og annan til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 7. júní 1998.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags samhliða sveitarstjórnarkosningum og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. janúar 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.